

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 19. mars 2014 kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tórnthúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tórnasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarsyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerðir frá fundum ráðgjafarnefndar 19. desember 2013 og 17. janúar 2014. Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

FRAMÖG FRÁ RÍKI Á FJÁRLÖGUM 2014

Á fundi ráðgjafarnefndar 13. desember sl. kom fram að lögbundna framlagið frá ríki á árinu 2014 hefði hækkað um 81 m.kr. við 2. umræðu fjárlaga ársins 2014. Þar sem þá var ekki vitað hvernig þessi 81 m.kr. skiptist á milli lögbundnu framlaganna frá ríki var endurskoðun á greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins frestað.

Við 3. umræðu fjárlaga ársins 2014 varð jafnframt 449 m.kr. hækkan á lögbundna framlaginu frá ríki. Samtals var því um að ræða hækkan á framlaginu að fjárhæð 530 m.kr. Báðar þessar hækkanir þ.e. 81 m.kr. og 449 m.kr. koma til hækkanar á 2,12% framlaginu frá ríki.

Með tilvísun til þessa hefur nú farið fram endurskoðun á greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2014.

ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2014 á grundvelli fjárlaga 2014. Annars vegar er áætlunin borin saman við greiðslu- og rekstraráætlun ársins 2013 á grundvelli fjárlaga ársins 2013 og hins vegar er áætlunin borin saman við greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins á grundvelli frumvarps til fjárlaga 2014.

Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundin framlög frá ríki nemi samtals 14.105,0 m.kr. Þar af nemur 2,12% framlagið af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs 11.462,0 m.kr. Framlagið sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs nemur því 2.643,0 m.kr. Á árinu er um að ræða viðbótarframlög frá ríki samtals að fjárhæð 2.668,0 m.kr. vegna greiðslu sjóðsins á framlögum vegna húsaleigubóta. Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfurfærslu grunnskólans, sem nemur 0,77%, er áætluð 8.145,0 m.kr. og 0,99% kostnaðarhlutdeild sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfurfærslu á málefnum fatlaðra er áætluð 10.472,0 m.kr. Framlag ríkissjóðs til eflingar tónlistarnámi nemur 520,0 m.kr. á árinu. Hreinar vaxtatekjur sjóðsins eru áætlaðar 128,0 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins nema því samtals 36.038,0 m.kr.

Á gjaldahlið áætlunarinnar kemur fram að bundin framlög nemi samtals 1.659,0 m.kr., sérstök framlög 7.867,0 m.kr., jöfnunarframlög 7.000,0 m.kr., framlög vegna yfurfærslu grunnskólakostnaðar 8.007,0 m.kr., framlög vegna yfurfærslu á málefnum fatlaðra 10.472,0 m.kr. og framlög til eflingar tónlistarnámi 520,0 m.kr. Áætlaður rekstrarkostnaður sjóðsins nemur 95,0 m.kr. Óráðstafað er 418,0 m.kr. Áætluð heildargjöld sjóðsins nema því samtals 36.038,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2014 væri samþykkt að teknu tilliti til samþykktar nefndarinnar um 300,0 m.kr. hækkan á úthlutun útgjalda jöfnunarframlaga sjóðsins sem næmu þá 6.050,0 m.kr. og samsvarandi lækkan á óráðstöfuðum fjármunum sjóðsins sem næmu þá 118,0 m.kr.

HÚSAFRIDUNARSJÓÐUR

Framlag 2014

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Minjastofnun Íslands, dags. 3. mars 2014. Í erindinu kemur fram að á grundvelli nýrra laga um menningarminjar, nr. 80/2012, nemi framlag sveitarfélaga í Húsafriðunarsjóð 150 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þann 1. desember sl. var íbúafjöldi landsins 325.640. Með tilvísun til þess nemur framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Húsafriðunarsjóðs samtals 48.843.000 kr. á árinu 2014. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, skulu framlög sjóðsins greidd til Húsafriðunarsjóðs fyrir 1. maí ár hvert.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að greiðsla framlags til Húsafriðunarsjóðs á árinu 2014 að fjárhæð 48.843.000 kr. færi fram fyrir 1. maí nk.

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Garðabær/Sveitarfélagið Álftanes

Á grundvelli e-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga kemur til greiðslu sérstakt framlag í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, er nemur þeirri skerðingu sem kann að verða á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar. Við greiðslu framlaga skal miða við útreiknuð tekjujöfnunarframlög á sameiningarári, að teknu tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs. Jafnframt skal framlag taka breytingum í hlutfalli við þá fjármuni sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á ári hverju til greiðslu útgjaldajöfnunarframlaga.

Í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna nemur útreiknuð skerðing á útgjaldajöfnunarframlagi sjóðsins um 104,6 m.kr. að teknu tilliti til heildarúthlutunar framlaganna á árinu 2013 sem nam 6.104,5 m.kr., sbr. framlagt yfirlit.

Að teknu tilliti til tillögu ráðgjafarnefndar um hækkun áætlaðra útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2014 úr 5.750,0 m.kr. í 6.050,0 m.kr. eða um 300 m.kr. nemur áætluð skerðing framlagsins til Garðabæjar á árinu um 103,7 m.kr.

Hvað tekjujöfnunarframlögin varðar þá reiknuðust sveitarfélögin ekki út með þörf fyrir slíkt framlag á sameiningarári því er ekki um neina skerðingu að ræða hvað þau framlög varðar.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að sérstakt framlag til Garðabæjar vegna skerðingar á jöfnunarframlögum sjóðsins í kjölfar sameiningar á grundvelli e-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga næmi samtals um 103,7 m.kr.

Könnun á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Blönduós bæ, dags. 21. febrúar 2014. Í erindinu kemur fram að framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á svæðinu hafi verið falið að útfæra vinnulag hvað varðar úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu. Í erindinu er jafnframt óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 2,0 m.kr. vegna kostnaðar við sérfræðiaðstoð í tengslum við úttektina.

Að teknu tilliti til vinnureglna frá 18. apríl 2008 sem settar voru við a-lið 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga nemur framlag vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar 1,0 m.kr. nái sameiningartillagan til tveggja sveitarfélaga. Sé um fleiri sveitarfélög að ræða greiðast 0,5 m.kr. fyrir hvert sveitarfélag til viðbótar.

Með tilvísun til framangreindra vinnureglna og fjölda sveitarfélaga sem úttektin nær til samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutað væri framlagi vegna kostnaðar við könnun á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu að fjárhæð 2,0 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Sveitarfélagið Garður

Lagt var fram til kynningar erindi Sveitarfélagsins Garðs, dags. 10. mars 2014. Í erindinu kemur fram að á síðustu árum hafi sveitarfélagið ekki uppfyllt fjármálareglur sveitarstjórnarlaga hvað rekstrarniðurstöðu varðar. Með tilvísun til þessa lægi nú fyrir samþykkt bæjarstjórnar Garðs um að ráða sérfræðing til starfa sem ynni að úttekt á rekstri sveitarfélagsins og legði fram tillögur til hagræðingar í rekstrinum. Í erindinu er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð allt 5,0 m.kr. vegna kostnaðar við vinnu sérfræðingsins.

Á grundvelli ákvæða í b-lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að óskað væri eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um erindi Sveitarfélagsins Garðs.

FRAMLÖG TIL JÖFNUNAR Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga 2014

Í lok október 2013 var sveitarfélögum birt fyrsta tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2014. Um var að ræða tillögu að fjárhæð samtals 3.279,9 m.kr. að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns til greiðslu framlaganna, sbr. frumvarp til fjárlaga 2014.

Með tilvísun til fjárlaga ársins 2014 og hækkunar á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlaganna úr 3.279,9 m.kr. í 3.403,1 m.kr. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2014 næmi 3.403,1 m.kr.

Við tillögugerð að úthlutun framlaga til Akureyrarkaupstaðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Hermann Jón Tómasson, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

FRAMLÖG VEGNA HÚSALEIGUBÓTA

Möguleg endurskoðun á greiðsluhlutfalli 2014

Í lok október 2013 var sveitarfélögum birt fyrsta tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2014 að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins á grundvelli frumvarps til fjárlaga 2014 og nam tillagan um greiðsluhlutfall 64,0% á árinu.

Með tilvísun til fjárlaga ársins 2014 og hækkunar á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlaga vegna almennra húsaleigubóta úr 2.963,7 m.kr. í 3.023,5 m.kr. var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli sjóðsins á almennum húsaleigubótum á árinu 2014.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna almennra húsaleigubóta verði 66% á árinu 2014.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Endurskoðun á áætlaðri úthlutun A- hluta framlaganna 2014

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 26. október 2013 tillögu að áætlun um heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga árið 2014, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 5.723,0 m.kr.

Á grundvelli aukins ráðstöfunarfjármagns sjóðsins á árinu var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu á fundinum tillaga um hækkun á heildarfjárhæð framlaganna úr 5.723,0 m.kr. í 6.050,0 m.kr.

Lagt er til að til úthlutunar nú komi 5.300,0 m.kr. samkvæmt A-hluta framlaganna og eru forsendur við endurskoðaða úthlutun eftirfarandi:

Forsendur við enduráætlaða úthlutun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2014.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember 2010, 2011 og 1. janúar 2013 og 2014 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2013 vegna tekjuskerðingar.

Skólaakstur úr dreifbýli fellur undir B-hluta framlaganna og nemur heildarfjárhæð þeirra framlaga 750,0 m.kr. á árinu 2014. Til úthlutunar nú koma 575 m.kr. en 175 m. kr. í lok ársins 2014 á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2014 umfram tekjur, sbr. b - lið 3. gr. vinnureglna frá 11. desember 2012.

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í október 2013.

Við tillögugerð að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga til Akureyrarkaupstaðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Hermann Jón Tómasson, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA

Endurskoðuð áætlun vegna ársins 2014

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 26. október 2013 tillögu að áætlun um heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla 2014 á grundvelli 3. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002 með síðari breytingum.

Samkvæmt áætluninni leggur ráðgjafarnefndin til að úthlutað verði 5.725,0 m.kr. í almenn jöfnunarframlög á árinu að viðbættum leiðréttingum að upphæð 60,0 m.kr. vegna ársins 2012. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því **5.785,0 m.kr.** á árinu 2014.

Endurskoðun á áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2014 hefur nú farið fram og nemur heildarfjárhæð framlaganna 5.785,0 m.kr. eins og áður.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við endurskoðunina:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2013.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við 1. janúar 2014.

- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra frá 10. desember 2013 um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2012 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2013.

Við tillögugerð að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaga til Akureyrarkaupstaðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Reykjanesbæjar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Hermann Jón Tómasson, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

BARNAVERNDARSTOFA

Vistunarnemendur á haustönn 2013

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Barnaverndarstofu, dags. 18. febrúar 2014, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl., nr. 351/2002, vegna þess kostnaðar sem stofnunin hefur greitt vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra grunnskólabarna sem vistuð voru utan lögheimilissveitarfélags á haustönn 2013 og stunduðu þar nám. Um er að ræða kostnað að fjárhæð 572.058 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni Barnaverndarstofu vegna haustannar 2013 væri tekin til greina.

ÖNNUR FRAMLÖG

Ytra mat grunnskólans - Stöðuskýrsla

Á grundvelli samstarfssamnings frá 1. mars 2013 milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Námsmatsstofnunar og innanríkisráðuneytis vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þróunarverkefni um ytra mat á skólastarfi hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greitt framlag samtals að fjárhæð 11.684.990 kr. vegna árána 2013 og 2014.

Á grundvelli 7. gr. samstarfssamningsins liggur nú fyrir stöðuskýrsla sem lögð var fram til kynningar. Umfjöllun um skýrsluna var frestað til næsta fundar nefndarinnar.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2014

Innanríkisráðherra hefur gefið út nýja reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014. Reglugerðin er sett á grundvelli 13. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Reglugerðin er nr. 242/2014 og gilda ákvæði hennar frá 1. janúar 2014. Þá hefur fallið úr gildi reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 623/2013 vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013.

Reglugerðin var lögð fram til kynningar og gerð grein fyrir nýjum ákvæðum sem fram koma í reglugerðinni.

Sérstök viðbótarframlög á árinu 2014

Ákvæði skv. 4. gr. nýrrar reglugerðar

Vakin var athygli á ákvæði í 4. gr. reglugerðarinnar er heimilar greiðslu á sérstökum viðbótarframlögum til þjónustusvæða/sveitarfélaga á árinu 2014 vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur málaflokksins á árinu umfram tekjur.

Við áætlanagerð almennra framlaga fyrir árið 2014, sbr. 3. gr., skal jafnframt liggja fyrir tillaga ráðgjafarnefndar sjóðsins um áætlað ráðstöfunarfjármagn til greiðslu viðbótarframlaga á árinu.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framlög til greiðslu sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2014, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar nemi allt að 175 m. kr.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Á ÁRINU 2014 **Endurskoðun á áætlaðri úthlutun framlaga 2014**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014, samtals að fjárhæð 10.122.000 m. kr.

Á grundvelli nýrrar reglugerðar, nr. 242/2014, er kveðið á um að áætluðum ráðstöfunartekjum til greiðslu almennra jöfnunarframlaga á árinu skuli ráðstafað með eftirfarandi hætti:

- A. 80% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf.
- B. 20% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2014.

Samkvæmt reglugerðinni skal við útreikning á þeim hluta framlaga ársins 2014 er byggir á útgjaldaþörf byggð á upplýsingum um kostnað og stuðningsþörf einstaklinga í sérhæfðri þjónustu sem lagðar voru til grundvallar útreikningi framlaga á árinu 2013.

Við mælingu á útgjaldaþörf ársins 2014 skal jafnframt taka tillit til eftirfarandi:

1. Uppfæra skal upplýsingar um lögheimili einstaklinga í þjónustu með tilliti til flutnings milli þjónustusvæða.
2. Framkvæma skal mat á þeim einstaklingum sem voru börn við útreikning framlaganna árið 2013 en eru nú fullorðin.
3. Safna skal saman upplýsingum um þá einstaklinga sem eru með viðbótarkostnað á árinu 2014 sem samsvarar einingarkostnaði 4. flokks SIS mats.
4. Framkvæma skal nýtt mat á þeim einstaklingum sem metnir voru SIS mati á árinu 2010 og 2011.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu næmi samtals 10.122,0 m.kr.

Við tillögugerð að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaganna til Akureyrarkaupstaðar og nágrennis, Norðurlands vestra, Suðurnesja og Austurlands viku nefndarmennirnir Hermann Jón Tómasson, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra þjónustusvæði.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ

Umsögn samráðsnefndar um beiðni verkefnisstjórnar NPA um framlag vegna könnunar

Lagt var fram til kynningar bréf samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks, dags. 2. mars 2014. Þar kemur fram að nefndin hafi á fundi sínum 26. febrúar 2014 tekið til umfjöllunar og afgreiðslu beiðni ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um að veita umsögn um tillögu að úthlutun framlags að fjárhæð 12,8 m.kr. til þess að standa straum að kostnaði vegna faglegs og fjárhagslegs mats á NPA verkefninu.

Svohljóðandi bókun var gerð á fundi samráðsnefndarinnar 26. febrúar 2014:

„Samráðsnefndin er sammála um að veita jákvæða umsögn um erindið.“

VIÐAUKI VIÐ SAMKOMULAG UM EFLINGU TÓNLISTARFRÆÐSLU OG UM TÍMABUNDA BREYTINGU Á VERKASKIPTINGU RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

Lögð voru fram til kynningar lokadrög að viðauka við samkomulag um eflingu tónlistarnáms og um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. mars 2014.

Í viðaukanum kemur fram að gildistími samkomulagsins um eflingu tónlistarnámsins, sem undirritað var 13. maí 2011, sé framlengt til 31. desember 2014 og að gildistími samkomulagsins um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem undirritað var 5. október 2011, sé jafnframt framlengt til 31. desember 2014.

Framlag ríkisins til eflingar tónlistarfræðslu verður 520,0 m.kr. á ársgrundvelli á gildistíma viðaukans og sveitarfélögin skuldbinda sig áfram til að standa tímabundið straum af verkefnum frá ríkinu og er miðað við að fjárhæðin nemi áfram 230 m. kr. á ársgrundvelli á gildistíma viðaukans.

Á fundinum kom jafnframt fram að fyrir lægi frumvarp til laga um tímabundna framlengingu á gildistíma laga, nr. 180/2011, um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms einkum hvað snertir heimildir fyrir Jöfnunarsjóð til innheimtu á hlut sveitarfélaga í þeim verkefnum sem tímabundna breytingin nær til. Fram kom að vonir stæðu til að frumvarpið yrði að lögum eigi síðar en um mánaðamótin mars og apríl.

ÖNNUR MÁL

Breytingar á reglugerð um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar reglugerð, nr. 241/2014, um breytingu á reglugerð um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, nr. 578/2012. Breytingin er fólgin í því að gildistími reglugerðar nr. 578/2012 er framlengdur til 31. desember 2014.

Heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs. Kynnisferð til Noregs

Hér á eftir fylgir stutt greinargerð um norska jöfnunarkerfið eftir ferð vinnuhóps sem vinnur að heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs til Noregs:

Í Noregi eru þrjú stjórnsýslustig sem öll hafa ákveðnar skyldur samkvæmt lögum. Þær tekjur sem sveitarfélögin hafa til þess að mæta lögbundnum skyldum sínum eru 18% af VLF þar af eru skatttekjur 40%, 36% almenn jöfnunarframlög og 13% þjónustugjöld. Jöfnunarframlögum til norskra sveitarfélaga er dreift á grundvelli íbúafjölda í sérhverju sveitarfélagi. Fjármagnið sem sett er í jöfnunarsjóðinn er ákveðið af þinginu í gegnum fjárlög Þar eru skattar ákveðnir og hve hátt fjármagn sveitarstjórnir hafa. Markmið framlaganna eru eftirfarandi:

- Veita sveitarstjórnnum möguleika á því að veita hágæðaþjónustu.
- Stuðla að sanngjarnari dreifingu á fjármagni þannig að sveitarfélög standi jöfn.
- Stuðla að ábyrgri stjórn í ríkisfjármálum í gegnum skatta og framlög. Sveitarstjórnir fá meira sjálfstæði til þess að eyða samkvæmt þeirra eigin forgangsröðun en þau eru ekki neydd til þess að veita þjónustu sem ekki er þörf á.
- Jöfnunarframlögin gera sveitarstjórnnum kleift að auka lýðræði þegar kemur að ákvörðunartöku á eyðslu innan sveitarfélags. Peningum er varið skv. vitneskju um hvað þurfi að gera.

Áður en íbúuframlög eru reiknuð eru tekjur sveitarfélaga jafnaðar með innbyrðis jöfnunaraðgerð. Þessa aðgerð kenna Norðmenn við Hróa hött. Sveitarfélög með tekjur umfram meðaltal láta þá 60% af mismuninum af hendi og er þeim fjármunum dreift til þeirra sem hafa tekjur undir meðaltali. Sveitarfélög sem hafa tekjur umfram landsmeðaltal er gert að greiða 60% af umframtekjum til þeirra sveitarfélaga sem eru með tekjur undir landsmeðaltali. Enn fremur er sveitarfélögum sem ekki ná 90% af meðaltekjum greitt 35% af þeim mun sem er á milli tekna og 90% lágmarksins Eftir að tekjur sveitarfélaga hafa verið jafnaðar er kostnaður sveitarfélaga jafnaður.

Fjármögnun norska jöfnunarsjóðsins er umtalsvert hærri en það fjármagn sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur hér á Íslandi. Þannig er ekki mögulegt í núverandi umhverfi að notast við jafngreiðsluframlög á mann hér á landi. Einnig er pólitískt mjög erfitt að taka upp þá tekjujöfnun sem Norðmenn notast við. Þær greiðslur sem sveitarfélög í Noregi fá frá ríkinu eru annað hvort skertar eða auknar í samræmi við meðaltalsmælingu í hverjum lið. Sú leið sem Norðmenn fara er hugsanlega möguleg á Íslandi með réttri útfærslu. Þannig er hægt að byggja upp kostnaðartöflu á svipaðan hátt og Norðmenn gera og dreifa framlögum Jöfnunarsjóðs út í samræmi við þær niðurstöður sem þar fást.

Hugsanleg viðmið sem hægt væri að notast við til viðbótar við aldursbil í íslenska kerfinu eru: Innflytjendur, fjöldi atvinnulausra í sveitarfélagi, fjöldi tekjulágra í sveitarfélagi, kjarnar í sveitarfélagi, snjólína eða láglandi og fjarlægðir innan sveitarfélags.

Erindi frá Samtökum meðlagsgreiðanda

Svar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar tölvubréf, dags. 6. mars 2014, frá Gunnari Kristni Þórðarsyni, stjórnarformanni Samtaka meðlagsgreiðanda. Einnig var lagt fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 13. mars 2014, sem er svar við erindi Samtaka meðlagsgreiðanda.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga verður Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2014 haldin dagana 9. og 10. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Með tilvísun til þessa hefur verið lögð inn pöntun hjá hótelinu fyrir Ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8. október nk. kl. 16:00. Um er að ræða pöntun á sömu sölum á II. hæð hótelsins og sjóðurinn hafði til afnota í fyrra fyrir Ársfundinn.

Fundargerð frá Ársfundinum 2013

Lögð var fram til kynningar fundargerð frá Ársfundinum 2013.

Forkönnun ríkisendurskoðunar „Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og eftirlit ríkisins“

Fram kom að undanfarið hefði staðið yfir forkönnun Ríkisendurskoðunar á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og samspil hans við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, innanríkisráðuneytið og önnur ráðuneyti. Að forkönnun lokinni liggur nú fyrir sú ákvörðun Ríkisendurskoðunar að fresta frekari könnun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til breytingum á lögum og reglugerðum um sjóðinn væri lokið.

Lögð var fram til kynningar skýrsla Ríkisendurskoðunar sem barst sjóðnum með bréfi dags. 17. mars 2014, „*Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og eftirlit ríkisins*“. Skýrslan er vistuð á heimasíðu ríkisendurskoðunar.

Nýtt talnaefni Jöfnunarsjóðs – Hýsing hjá Hagstofunni

Farið var yfir nýja framsetningu á talnaefni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem notast er við viðurkennda framsetningu talna hjá Hagstofu Íslands. Með samningi við Hagstofu Íslands frá 20. apríl 2011, hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga heimild til að hýsa allt að 20 töflur hjá Hagstofu Íslands.

Fram kom að lokið væri við að setja inn framlög til sveitarfélaga á árunum 2006 til 2013. Hægt væri að skoða nýja framsetningu á talnaefni Jöfnunarsjóðs, s.s. sundurliðaðar upplýsingar um framlög til sveitarfélaga og upplýsingar um bundin framlög til samtaka/stofnana sveitarfélaga o.fl.

Með þessari nýju framsetningu er vonast til að starfsmenn sveitarfélaga og aðrir áhugasamir geti nýtt sér í enn ríkara mæli það talnaefni sem fyrir liggur varðandi úthlutanir sjóðsins.

Lagt var til að stefnt yrði að næsta fundi ráðgjafarnefndar sjóðsins 25. apríl nk. og verður hann boðaður sérstaklega.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:00.

Halldór V. Kristjánsson